

# Klausturrannsóknir 2016

## Gjóskulagagreining

### Magnús Á. Sigurgeirsson, jarðfræðingur

Netföng: [magnus.a.sigurgeirsson@isor.is](mailto:magnus.a.sigurgeirsson@isor.is) / [masig@mmedia.is](mailto:masig@mmedia.is)

Í greinargerðinni eru teknar saman niðurstöður athugana á aðsendum gjóskusýnum frá Munkaþverá í Eyjafirði, Möðruvöllum í Hörgárdal og Þingeyrum í Húnaþingi, alls 20 sýni. Sýnin voru skoðuð í smásjá (vís sjá). Sem stoðefni við greiningarnar voru ljósmyndir og sniðteikningar fornleifafræðinga.

## NIÐURSTÖÐUR

### Þingeyrar

Sýni 2016-14-6: Hvít fersk aska, hnöttótt korn, rautt gjall <5%, ópak korn, gjall og gler <10%.

Grænir kristallar eru til staðar. Hekla-1104.

Sýni 2016-14-7: Súr aska, hnöttótt korn, nokkuð oxuð. Vafalaust Heklugjóska (H-3?).

Sýni 2016-14-41: Súr aska, hnöttótt korn, rautt gall og ópak (ógegnsæ) korn og feldspat kristallar er til staðar. Aðgreining er í meðallagi (e. *sorting*). Heklugjóska, líklega sú sama og í sýni-54.

Sýni 2016-14-42: Súr aska, hnöttótt korn, oxað sýni og jarðvegsblandað. Korn eru nokkuð núin, greinilega tilfokin. Heklugjóska.

Sýni 2016-14-43: Súr aska, hnöttótt korn, skjannahvít og fersk, rautt gjall, ópak korn, grænir kristallar og feldspat kristalar er til staðar. Ílöng frauðkennd korn sjást líka. Illa aðgreind gjóska. Heklugjóska (H-1104?).

Sýni 2016-14-45: Mógrænbrún basaltaska, mjög fínkorna, Glerkurl (e. glass shards) en fremur tætingsleg korn. Kristallar eru < 2%, grátt gjall <10%. Illa aðgreind aska. Upptök óviss (ekki þó Katla).

Sýni 2016-14-52: Móbrúnt dökkt gler, mjög fínkorna aska, illa aðgreind, fremur tætingsleg korn, gjall < 30%. Gæti verið Kötlugjóska.

Sýni 2016-14-54: Súr aska, fremur gróf, hnöttótt korn. Aðgreining í meðallagi. Rautt gjall <3%, gjall og bergbrot <5%. Grænir kristallar sjást. Brot af tærum feldspatkristöllum eru áberandi, <5%. Heklugjóska.

### Möðruvellir

Sýni 2016-10-3: Hvít súr aska, dökk korn <3%. Kristallar <1%. Heklugjóska (H-1104?).

Sýni 2016-10-11: Móbrúnt gler, tætingsleg korn, illa-meðal aðgreind aska. Mjög fínkorna. Svartar innlyksur eru áberandi í glerinu. Smávegis er af súrum kornum í bland (líklega frá Heklu).

Sýni 2016-10-12: Súr saka, hnöttótt korn, jarðvegsblandað sýni og oxað. Dökk korn <10%. Líklega Hekla-3.

### **Munkaþverá í Eyjafirði**

Sýni 2016-17-4: Mjög fínkorna samlímd gjóska/gler. Einnig er fokefni í bland, mögulega móaska. Nokkuð er um kristalla. Líklega tilfokin gjóska/fokefni.

Sýni 2016-17-8: Líklega fokefni, mjög núin korn og margbreytileg, 5-10 % súr hvít korn, bergbrot og basísk aska ofl.

Sýni 2016-17-9: Hvít súr aska, hrein og fersk, aðrar kornagerðir < 5%. Líklega H-1104.

Sýni 2016-17-11: Dökkmóbrúnt gler, einnig ópak gler, gjall 20-30%. Illa til mjög illa aðgreind aska. Korn eru fremur tætingsleg of margbreytileg, smávegis er um súr korn. Kötluleg gjóska.

Sýni 2016-17-12: Hvítur vikur líkt og í sýni nr. 9, rautt gjall <3%. Mögulega blandað móösku. Fremur grófkorna gjóska. Heklugjóska (H-1104?).

Sýni 2016-17-14: Súr aska, hnöttótt korn, núin, rautt gjall <5%, ópak korn <10%, kristallar < 1%. Smávegis sést af grænum kristöllum. Heklugjóska (H-3?).

Sýni 2016-17-17: Mjög fínkorna aska, móbrúnt gler fremur tætingslegt. Gjall <20%, kristallar <3%, smávegis er af súrum ílöngum kornum í bland, talsvert er af dökkum innlyksum í basiska glerinu. Mjög illa aðgreind aska. Líkist mjög sýni nr. 11 frá Möðruvöllum.

Sýni 2016-17-20: Fokefni með smávegis af súrum kornum í bland, < 2%. Korn eru almennt núin og mjög fjölbreytileg. Blandað móösku.

Sýni 2016-17-22: Líklega er um fokefni að ræða en ekki eiginlegt gjóskulag. Sýnið er mjög blandað og smávegis er af súrum kornum í því. Virðist vera blandað móösku. Talsvert er þó af basískum gjóskukornum í sýninu.